

# Dagskrá Stjórnarfundar FKA 2021 - 2022

## Fundur #7

**Staður:** B35/Teams

**Dagsetning:** 13. janúar 2022

**Tími:** 12.00 – 13.30

Mættar voru : Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Eydís Rós Eyglóardóttir (ERE), Katrín Kristjana Harðardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Dagsskrá fundar var:

1. Beiðni til formanns
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Verkefni stjórnar, staða og eftirfylgni
4. Önnur mál

### 1. Beiðni til formanns

Fundur settur og formlegt framhald tekið frá fundi 13. janúar þar sem framkoma og hlutverk formanns er rætt. Stjórnarkonur óska eftir því við formann að hún stigi til hliðar fram að næsta aðalfundi. Formaður vísar í lög félagsins og býður sáttamiðlun sem felst í a. áframhaldandi óskertri verkaskiptingu stjórnar sem og b. að beina sjónum að þeirri þörfu stjórnskipunarvinnu sem félagið vantar, m.a. til að taka á núverandi stöðu og skilgreina betur hlutverk og skyldur þeirra kvenna sem bjóða sig fram að starfa fyrir fyrir félagið.

Niðurstaða að formaður situr áfram en kemur ekki fram í fjölmiðlum fram að næsta aðalfundi. Stjórnarkonur munu senda yfirlýsingu til félagskvenna vegna umræddrar beiðni. KKH vék af fundi.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Staðan er góð á reikningum félagsins, álag hefur verið á skrifstofu félagsins, félagatal verður tekið fyrir á næsta stjórnarfund. Áhersla stjórnar og framkvæmdastjóra verður á Viðurkenningarhátíð í komandi viku.

### 3. Verkefni stjórnar – staða og eftirfylgni

- Viðurkenningarhátíð – í ljósi hertra sóttvorna verður hátíðin sjónvarpsþáttur. Miklar takmarkanir setja viðburðinum þröngar skorður. Sérblað FKA er í undirbúningi með Fréttablaðinu og er áætluð stærri útgáfa en áður. 20. janúar er sett dagsetning á Viðurkenningarhátíð og útgáfu sérblaðs FKA. Allur undirbúningur gengur að öðru leyti vel. UEA/ERR
- Fjölmiðlaverkefni RUV – framkvæmd er í endurskoðun og í nánú samráði við RUV. Hertar sóttvarnir setja viðburðinum þröngar skorður. Næsti fundur með RUV er áætlaður í apríl 2022. ERE/SHP

- Sýnileikadagurinn – Áætluð dagsetning er 10. mars 2022. Útfærsluatriði eru í vinnslu; hlaðvarp, streymi, sjónvarp. Skipulagning miðast við efnistöð og útfærsla við gildandi sóttvarnareglur. ETS/VJ
- Landsbyggðarráðstefna FKA er áætluð 23. apríl 2022. Yfirumsjón er í höndum FKA Norðurland en allar landsbyggðadeildir FKA eiga aðila í skipulagsnefnd. Eydís Rós er tengiliður stjórnar í viðburðinum. ERE
- Aðalfundur FKA – Ákveðið var að Unnur Elva og Vigdís væru umsjónaraðilar aðalfundar frá hendi stjórnar. Finna þarf dagsetningu og staðsetningu fyrir maílok 2022. Grasrótarstarf er hafið á rýni stjórnskipulags og lagaumhverfis FKA í umsjá Elfar Logadóttur. Framtakið er opið öllum félagskonum og telur stjórn framtakið þarft og nauðsynlegt til undirbúnings fyrir komandi aðalfund. VJ/UEA
- Evrópuráðstefna BPW í maí 2022 - vinnustofur í samstarfi við Jafnvægisvogarráð. Málið er í undirbúningi innan JVR. AR/KKH
- Alþjóðasamstarf – Formaður FKA og formaður Framtíðar FKA eiga sæti fyrir hönd FKA í sendinefnd Íslands á árlegan fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) í mars 2022. SHP
- VR verkefni er í vinnslu og góðum farvegi. Niðurstöður er að vænta á vormánuðum 2022. UEA
- AWE Nýsköpunarhraðall – Hraðallinn er samstarfsverkefni við HÍ, bandaríska sendiráðið og fleiri aðila. FKA hefur vakið athygli á hraðlinum á sínum miðlum innan sem utan félags. Fjöldi umsókna og fleiri en áður er að vænta. SHP
- Heimasíða og tæknimál FKA eru í endurskoðun. AR/KKH
- Ekki hefur náðst fundur með Atvinnurekendadeild FKA vegna anna. AR/SHP
- Listi yfir frjáls félagasamtök kvenna. Verið er að taka saman lista yfir frjáls félagasamtök kvenna á landinu til að hafa samband og láta vita af mögulegu samstarfi. Listinn er í vinnslu. SHP/UEA.

#### **4.Önnur mál:**

- Rætt var um ársskýrslu FKA og undirbúning. Málið verður tekið upp á næsta stjórnarfund.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl 13.30